

## Nettun á debet og kredit færslum

Þegar breytingar viðföngum eru gerðar í AP Viðskiptaskuldir (AP) myndast nýjar færslur sem flytjast í Biðskrá viðkomandi stofnunar. Áður en bókun á sér stað úr Biðskrá í FA Eignakerfið (FA) þá er möguleiki að eyða færslum í Biðskránni, en ef það er ekki gert þá bókast röngu færslurnar ásamt þeirri réttu í FA.

Það er mikilvægt að leiðrétting netti út áhrif bókunar, þ.e. myndi ekki hagnað, tap eða fyrningarfærslu sem skekkir GL Fjárhag (GL) stofnunar.

Þrjár mögulegar aðstæður sem geta komið upp:

### 1. Debet og kredit færslur inní FA.

Gera þarf ráðstafanir að netta út debet / kredit færslurnar sem eru með sama bókunarsteng debet og kredit, þ.e. svo þær myndi ekki fjárhagslegar færslur í GL.

Til að losna við hagnað, tap og fyrningabókanir er farin sú leið að sameina debet / kredit eignanúmerin við eignanúmerið sem er með rétta viðfangið.

### 2. Debet og kredit færslur inní Biðskrá.

Áður en bókun á sér stað úr Biðskrá í FA þá er möguleiki að eyða færslum í Biðskránni þar sem sambærilegur bókunarstengur debet og kredit er til staðar, ef það er ekki gert þá bókast röngu færslurnar ásamt þeirri réttu yfir í FA og framkvæma þarf leiðréttingar samanber lið 1.

### 3. Leiðrétting á viðfangi milli tímabila.

Upphafleg eignfærsla með eignanúmeri er til staðar í FA, en með röngu viðfangi.

Heppilegasta leiðrétting er með þeim hætti að viðfanganúmer er leiðrétt í FA inná svæðinu „Úthlutanir“ þar sem bókunarstreng er breytt sjá leiðbeiningu **Leiðrétting á viðfangi – Ferli** (<http://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/kennsluefni-og-handbaekur/orri-fjarhagskerfi/>), **huga þarf sérstaklega að flutningsdegi.**

## Ferli leiðréttinga samkvæmt lið 1.

Til að losna við hagnað, tap og fyrningabókanir er farin sú leið að sameina debet / kredit eignanúmerin við eignanúmerið sem er með rétta viðfangið.

Bókfært verð	Eignanúmer	Fjárhagsnúmer	Flokkur	F.bók	%	Lýsing	Kaupverð	Uppsafn. afskr.	Afskriftir á árinu	Kaupdagur
99.888	453635	0910310112-09103-58101	18101	2184	10	Skrifborðsstóll svartur Capisco	102.449	2.561	2.561	23-OKT-2017
-99.888	453634	0910310111-09103-58101	18101	2184	10	Capisco stóll svartur	-102.449	-2.561	-2.561	23-OKT-2017
99.888	453633	0910310111-09103-58101	18101	2184	10	Capisco stóll svartur	102.449	2.561	2.561	23-OKT-2017
<b>99.888</b>							<b>102.449</b>	<b>2.561</b>	<b>2.561</b>	

Eignanúmer 453635 er skráð með rétt viðfangsnúmer, en eignanúmer 453634 og 453633 eru með rangt viðfangsnúmer.

Fyrsta skref er að sameina 453633 rétta eignanúmerinu 453635.

FA Eignakerfi > Eignir > Vinnusvæði eigna > Finna eignir > Skrá inn eignanúmer 453633 > Upprunalínur.

Velja báðar línurnar með því að smella í kassan fyrir framan hvora línu.

Smella í hnappin **Flytja í**.

Transfer To

Nýr kostnaður

Eignanúmer	Lýsing	Sérmerking	Flokkur	[ ]	Afdrif	Kaupvert

Lokið Hætta við

Setja í fyrirspurnarham **F11**.

Setja inn leitarskilyrði eignarnúmer 453635 sem á að flytja í.

Transfer To

Nýr kostnaður

Eignanúmer	Lýsing	Sérmerking	Flokkur	[ ]	Afdrif	Kaupvert
453635						

Lokið Hætta við

**Ctrl-F11** til að leita.

Transfer To

Nýr kostnaður 204.898

Eignanúmer	Lýsing	Sérmerking	Flokkur	[ ]	Afdrif	Kaupvert
453635	Skrifborðsstóll svartur C.		18101-0-01	.	01	102.44!

Lokið Hætta við

Smella á **Lokið**

Endurtaka síðan ferlið og færa út kreditfærsluna, eignanúmer 453634.

Eftir sameiningu líta upprunalínur á bakvið eign 453635 svona út.

Eftir flutning er óhætt að úrelða eignir 453633 og 453634 sem standa í bókum stofnunar í stöðunni 0 kr.

FA Eignakerfi > Eignir > Vinnusvæði eigna > Finna eignir > Skrá inn eignanúmer 453633 > Úreldingar.

Setja inn upphæð í Úreltur kostnaður = 0. Muna að skrá inn texta inní Athugasemdir til að auðvelda rekjanleika ef færslan kemur til skoðunar, t.d. setja inn textan „Fellt út, sameinað eign 453635.“.

Smella á **Lokið**.

Úreldingar

Eignanúmer 453633 Tilvísunarnúmer  
 Fyrmingarbók 2184 Úreldingardagur 31.12.2017  
 Athugasemdir Felld út, sameinað eign 453635 Staða Óklárað [ ]


Úreldingarupplýsingar

Núverandi einingar 1 Núverandi kostnaður 0  
 Úreltar einingar 1 Úreltur kostnaður 0  
 Tegund úreldingar Annað Söluverð 0  
 Úreldingarregla MÁNADARLEG Förgunarkostnaður 0  
 Hagnaður/Tap upphæð  
 Aðferð línulegrar fyrningar Lífár Mánudir  
 Tékkil/Reikningur Selt til  
 Eign sett upp í Lýsing [ ]

Hópeign

Hópeign Víðurkenna hagnað og tap  
 Lækkunartaxti %  
 Sjóður úreltur Sjóður fyrra árs úreltur

Ungirþættir Egðurrinnsetja **Lokið** Hætta við



Endurtaka síðan ferlið og úrelða kreditfærsluna, eignanúmer 453634.